

Stjórnsýslu- og lagabreytingar

Það liggur nú þegar fyrir að mikill munur er á stjórnsýslu og framkvæmd landbúnaðarstefnunnar á Íslandi og í Evrópusambandinu. Löggjöf ESB gerir ráð fyrir viðamikilli stjórnsýslu til að framkvæma sameiginlegu landbúnaðarstefnuna í aðildarríkjunum – ólíkri þeirri sem er til staðar á Íslandi í dag.

Við höfum nú þegar greint löggjöf Evrópusambandsins m.a. varðandi stjórnsýslu CAP og gerum okkur grein fyrir þeim skyldum sem aðildarríkjum ESB ber að sinna á þessu sviði. Einnig má nefna að við höfum sótt heim Finnland og Skotland og kynnt okkur framkvæmd sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar þar.

Íslensk stjórnvöld munu á næstu vikum og mánuðum kynna sér ítarlega hvernig stjórnsýslu þessari er háttað innan aðildarríkjanna og munu við það notfæra sér þá sérfræðiaðstoð sem Taiex hefur uppá að bjóða.

Við hljótum að leita einfaldra og ódýrra lausna við útfærslu á stjórnsýslu landbúnaðarkerfisins, til að það haldist áfram í samræmi við smæð og fábreytni íslensks landbúnaðar og koma í veg fyrir að kostnaður við stjórnsýslu nemi óásættanlegu hlutfalli af stuðningi við landbúnað.

Í kringum okkar landbúnað er nú þegar rekið stjórnsýslukerfi, sem m.a. sinnir beingreiðslum, eftirliti, öflun upplýsinga og utanumhaldi þeirra. Stjórnsýsla þessi er sniðin að innlendum aðstæðum, umfangi og eðli landbúnaðarins. Einmitt af þessum sökum, hefur verið mörkuð sú stefna, að breyta ekki íslenskri stjórnsýslu, eða lögum fyrr en fyrir liggur að aðildarsamningur hafi verið samþykktur í þjóðaratkvæðagreiðslu á Íslandi.

Verið er að ganga frá umsókn um Taiex sérfræðiaðstoð, til að vinna með innlendum sérfræðingum við að greina stjórnsýslugetu við landbúnað á Íslandi og aðstoða íslenska sérfræðinga m.a. við að teikna upp greiðslustofnun sem uppfyllir kröfur CAP á sem einfaldastan og hagkvæmastan hátt.

Hluti af sérfræðiaðstoðinni felst í því að byggja upp þekkingu á stofnanakerfi CAP innan íslensku stjórnsýslunnar þannig að hægt verði að bregðast hratt við og gera allar nauðsynlegar laga- og stjórnsýslubreytingar þannig að allt verði til reiðu frá gildistöku aðildar hafi aðildarsamningur verið samþykktur í þjóðaratkvæðagreiðslu á Íslandi.

Um tímasetningar:

Það verður hluti af fyrsta samstarfsverkefni okkar með væntanlegum Taiex sérfræðingum að útbúa vinnuáætlun fyrir þetta verkefni. Áður en sú áætlun liggur fyrir er ekki hægt að svara til um nákvæmar tímasetningar, en við gerum ráð fyrir að hluti af þeirri vinnu verði að móta nánari tímaáætlanir fyrir einstakar aðgerðir.